

# Hverfisnefnd Naustahverfis

## 44. fundur, 18. okt. 2012

### Aðalfundur hverfisnefndar

Fundur haldinn í Naustaskóla, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Ómar Ívarsson og Gísli Rúnar Magnússon. Gísli Rúnar Magnússon ritaði fundargerð. Hrafnhildur E. Karlsdóttir var fundarstjóri og gestur á fundinum var Helgi Már Pálsson frá framkvæmdadeild Akureyrarbæjar.

18 gestir mættir auk nefndarinnar og Helga. Samtals 24 manns.

#### 1. Skýrsla stjórnar

Bjarni fór yfir skýrslu stjórnar. Farið yfir helstu verkefni nefndarinnar síðasta árið.

#### 2. Kosning stjórnar

Eitt sæti laust. Stjórnarmenn kosnir til tveggja ára. Bara tveir þeirra á seinna ári auk þess sem einn stjórnarmaður er hættur, þ.e. Heiðrún Jóhannsdóttir. Bjarni og Ómar eru á seinna ári og gefa báðir kost á sér og fá rússneska kosningu. Einn fundargestur gefur kost á sér að auki, Claudia Lobindzus, claudia.lobindzus@gmail.com, s: 891 6479.

#### 3. Kaffi og kleinur

Kaffi og kleinur í boði hverfisnefndar.

#### 4. Erindi Helga Mús Pálssonar frá framkvæmdadeild Akureyrarbæjar

Helgi sagði nokkur orð og svaraði fyrirspurnum.

Getum gert meira en við ætluðum okkur á þessu ári að sögn Helga, því nyrðri hluti Dalsbrautar frestast. Dæmi: stígar, gangstéttir, lagnir, malbikun oþh. víðs vegar um hverfið.

Á næsta ári; Engar endurbyggingar á götum í hverfinu, en Dalsbraut kláruð og byrjað á næsta áfanga Naustahverfis, Naustahverfi VI. Þá verða malbikuð einhver bílastæði og stígar, s.s. við Bónus, í Ljómatúni ofl.

Fyrirspurn úr sal hvort Kjarnagatan eigi að vera aðalgatan til að koma íbúum í nýja hverfið, Naustahverfi VI, en Helgi svaraði því til að Naustabraut muni að mestu leyti sinna því hlutverki.

100 milljónir á ári sem bærinn hefur næstu 5 árin til fegrunar á bænum. Eitthvað af þeim verður nýtt í leiksvæði, gömul og ný. Ekki ljóst hvort farið verður í leikvöll í Naustahverfi. Líklega fá hverfisnefndirnar eitthvað um það að segja hvernig þessum fjármunum verður varið.

Strætó: Naustahverfi svelt hvað strætóferðir varðar. Spurt hvort ekki hægt láta vagna vera nálægt æfingasvæðum, s.s. Boganum og Giljaskóla, t.d. 15 mínútur í og yfir heila og hálfan tímann. Það hefur verið reynt að sögn Helga, en erfitt að gera öllum til hæfis.

Strætóskýli: Ekki efni á neinu skýli þetta árið. Líklega keypt 3 ný skýli á næsta ári (ca. 1100 þús kr. stykkið), en ekki ljóst hvort þau lendi hér eða í öðru hverfi.

Spurt hvað standi til á svæðinu vestan Tjarnartúns. Því svarað til að ekki sé verið að fara að byggja eða neitt þvíumlíkt, einungis tiltekt.

Spurt um snjómokstur og hálkuvarnir. Því ekki svarað nákvæmlega en bent á heimasíðu Akureyrarbæjar þar sem forgangsröðun er tiltekin.

Að sögn Helga hefur undanfarin ár verið farið fram úr áætlunum hvað varðar framkvæmdir í umhverfismálum.

Spurt um grenndarvelli. Ekkert ákveðið hvað gert verður í þeim efnum í hverfinu né hvenær.

Gámastöð við Naustaskóla: Ekki komin niðurstaða hvort gámastöðin verði fjarlægð og settur snúningshaus/hringtorg í staðinn (sleppisvæði fyrir Naustaskóla).

Grunnarnir fyrir ofan Mýrartún? Ekkert nýtt að fréttu af þeim.

Grunnurinn að blokkinni nyrst í Stekkjartúni? Helgi þekkir ekki þá sögu nógu vel.

Frágangur utanhúss við skólann. Vonandi hægt að fara í framkvæmdir næsta vor. Og þá jafnframt fara í sleppisvæði.

Ljós yfir Miðhúsabraut við gatnamótin við Mýrarveg. Ekki fyrirsjáanlegt að þau komi á næstunni.

Umferð á syðri hluta Dalsbrautar. Fljótlega opnað.

Við Ásatún, frá Bónus og niðureftir eru nokkrar gangbrautir, hvað með gangbraut við Hólatúnið? Bærinn veit að það þyrfti að setja gangbraut þar og það stendur til bóta.

Er dýrt að mála gangbrautir yfir göturnar, er þetta mikið mál? Ekki stórkostlegir peningar, en týnist til, það þarf að viðhalda þeim og annað slíkt. Dæmi um, frá Reykjavík, að við það að fækka máluðum gangbrautum minnkaði slysatíðni. Annars liggur það hjá skipulagssviðinu að ákveða hvar setja skuli gangbrautir.

Hvað eiga hundaeigendur að gera við stykki hundanna sinna? Það vantar rusladalla í hverfið.

Frágangur á skólanum innanhúss. Verður ekki klárað fyrir næsta skólaár. Til stendur að klára uppsteypu íþróttahússins og kennaraaðstöðunnar, en klára ekki frágang að innan.

## 5. Önnur mál

Ábending til hverfisnefndar að hafa kort af hverfinu varpað upp á vegg á næsta fundi.

Spurt hverju hverfisnefndin sé að berjast fyrir og hvað standi til að berjast fyrir næstu árin? Aðallega verið að berjast fyrir bættu umhverfi. Einnig má nefna að nefndin hefur verið að reyna að fá KA til að setja íþróttasvæði í hverfið.

Spurt um húsin sem verið er að byggja við Hólmatún, byggingagerð, fjölda íbúða oþh. Bent á að þetta séu hús í líkingu við nýju húsin í Stekkjartúni, þ.e. fjórbýlishús með frekar litlum íbúðum. Alls fimm fjórbýlishús.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið klukkan 21:30.